

## Greinargerð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Frumvarp til laga  
um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði  
og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting,  
veitingastaðir án áfengisveitinga,  
ótímabundin rekstrarleyfi).

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016, þingskjal 731 – 457. mál.)

Gerir athugasemdir v. 15. grein um breytingar á 17 grein gildandi laga. Þegar hefur verið tekið tillit til athugasemda minna frá 28. apríl 2015. Tel fyrirhugaðar breytingar skynsamlegar og til einföldunar á núverandi fyrirkomulagi. Einnig legg ég fram tillögu um breytingu á heimild umsagnaraðila til gjaldtöku fyrir sína vinnu.

### Um 15. gr. frumvarpsins

Í fyrirhuguðum breytingum á 17. gr. nógildandi laga um tækifærisleyfi er m.a. lögð til breyting á 1. málsli. 3. mgr. sem mun hljóða svo:

*„Leyfisveitandi getur bundið leyfi eftirfarandi skilyrðum að fengnum umsögnum lög-  
reglustjóra, heilbrigðisnefnda, sveitarstjórnar, slökkviliðs og eftir atvikum annarra  
umsagnaraðila skv. 10. gr.“*

Hér er lögð til útvíkkun á núverandi ákvæði sem kveður eingöngu á um umsögn lögreglustjóra. Þetta er skynsamleg aðlögun að oft flóknu umhverfi og aðstæðum, en breyta þarf tölulíðum 2-4 í samræmi við það. Lagt er til að þeir hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):

- 2. að eigi annist aðrir dyravörslu en lögreglustjóri samþykkir,*
- 3. að lögreglumenn eða öryggisvakt slökkviliðs verði á skemmtuninni,*
- 4. að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri ákveða í samráði við umsækjanda.*

Um langt árabíl hefur slökkvilið viðhaft öryggisvaktir á fjölmönnum samkomum og tekið gjald fyrir. Byggir þetta á ákvæði 30. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Tilfni þessa er alla jafna að einhverjir öryggisþættir séu skertir og oftast snýst það um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi vegna notkunar á reykvéllum. Auk þessa þarf nokkuð eftirlit með undirbúningi húsnæðis fyrir slíkar samkomur en breytingar á t.d. ípróttahúsi eru allmiklar ef það á að nýtast á öruggan hátt sem tónleika- eða dansstaður. Slíkar breytingar geta auðveldlega haft áhrif á t.d. flóttaleiðir og neyðarlýsingu, auk þess sem íkveikjuhætta eykst með umfangsmiklum rafbúnaði og bráðabirgðalögnum að honum.

Fyrir eftirlit þetta hefur verið innheimt sem hluta af kostnaði við öryggisvakt. Sé slík samkoma hinsvegar haldin án öryggisvaktar er engu að síður full þörf fyrir eldvarnaeftirlit vegna undirbúnings á húsnæði. Innheimt hefur verið fyrir eftirlit í þeim tilvikum en bein lagaheimild fyrir því er ekki fyrir hendi. Litið hefur verið þannig á að þetta sé forsenda jákvæðrar umsagnar slökkviliðs til leyfisveitanda og að vinna af þessum toga falli ekki undir lögboðin verkefni liðsins.

Því er óskað eftir ofangreindri breytingu á tölulíðum 3 og 4 í 17. grein laganna.


### Um gjaldtöku fyrir vinnu umsagnaraðila

Í núgildandi lögum og frumvarpi til breytinga á því er kveðið á um gjaldtöku leyfisveitanda vegna rekstrarleyfa. Slökkvilið leggur umtalsverða vinnu í þennan málaflokk vegna umsagna til leyfisveitanda og skoðana vegna þeirra, án gjaldtöku. Ég tel að slík vinna sé ekki hluti af þeim verkefnum sem embætti slökkviliðsstjóra eru falin samkvæmt lögum um brunavarnir og því eðlilegt að taka gjald samkvæmt auglýstri gjaldskrá fyrir kostnaði vegna þessa. Slík gjaldtaka yrði í samræmi við heimild til gjaldtöku slökkviliðs vegna aðkomu að öryggisúttektum húsnæðis eins og byggingarfulltrúi gerir, en hugsunin þar að baki er að sá gjaldi er valdi.

Slökkvilið kemst engan veginn yfir að sinna lögboðnum verkefnum sínum á svið forvarna og eldvarnaeftirlits og gjaldtökuheimild því mikilvæg til að geta aukið starfskrafta eftirlitsins. Fáist hún ekki má velja því upp hvort ekki eigi að taka matslutverk slökkviliðs sbr. 10. grein út úr lögnum og reiða sig alfarið á almennt og lögboðið eldvarnaeftirlit með leyfis skyldum stöðum sem teknir hafa verið í notkun.

Hingað til hafa rekstrarleyfishafar borið kostnað og fyrirhöfn vegna endurnýjunar leyfa á fjögurra ára fresti. Fyrirhugaðar breytingar á lögnum miða við ótímabundin rekstrarleyfi og ætti því kostnaður vegna vegna aðkomu slökkviliðs tæplega að hafa íþyngjandi áhrif á umsækjendur þegar til lengri tíma er lítið.

Virðingarfyllt,



Jón Viðar Matthíasson,  
slökkviliðsstjóri.